

REGLUR

um markaðsáhættu fjármálafyrirtækja.

1. gr. *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem reikna eiginfjárkröfur vegna markaðsáhættu í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

2. gr. *Útreikningur á eiginfjárkröfum vegna markaðsáhættu.*

Fjármálafyrirtæki sem skylt er að reikna eiginfjárkröfur vegna markaðsáhættu skal, eftir því sem við á, fylgja ákvæðum reglugerða (ESB) sem tilgreindar eru í 3. gr.

3. gr. *Innleiðing reglugerða.*

Með vísan til 2. gr. gilda eftirtaldar reglugerðir hér á landi:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 525/2014 frá 12. mars 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 um tæknilega eftirlitsstaðla til skilgreiningar á markaði, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 65. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 291-292.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 526/2014 frá 12. mars 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að ákvarða áætlað álag og takmörkuð smærri eignasöfn að því er varðar áhættu vegna leiðréttingar á útlánvirði, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 65. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 293-296.
3. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 528/2014 frá 12. mars 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla vegna annarrar áhættu en deltastuðulsáhættu í tengslum við valrétti í staðalaðferð markaðsáhættu, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 65. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 297-303.
4. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 530/2014 frá 12. mars 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina frekar veigamiklar áhættuskuldbindingar og viðmiðunarmörk fyrir innri aðferðir vegna sértækrar áhættu í veltubók, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 65. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 318-319.
5. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 945/2014 frá 4. september 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar viðeigandi nægilega fjölbreyttar vísitölur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí

- 2020, bls. 71. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 364-367.
6. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2197 frá 27. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71-76. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 368-372.
 7. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/101 frá 26. október 2015 um tæknilega eftirlitsstaðla fyrir varfærið mat skv. 14. mgr. 105. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 59. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 273-284.
 8. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/728 frá 24. janúar 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir verklagsreglur um að undanskilja viðskipti við ófjárhagslega mótaðila með staðfestu í þriðja ríki frá kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættu vegna leiðréttingar á útlánavirði, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19 frá 9. mars 2023, bls. 33.
 9. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1580 frá 19. október 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2197 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19 frá 9. mars 2023, bls. 33.
 10. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2091 frá 28. nóvember 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2197 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2021 frá 19. mars 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26 frá 30. mars 2023, bls. 329-332.
 11. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/125 frá 29. janúar 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 945/2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar viðeigandi nægilega fjölbreyttar visitölur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2020 frá 23. október 2020 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 66 frá 14. september 2023, bls. 20. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 30 frá 20. apríl 2023, bls. 21-24.
 12. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/866 frá 28. maí 2020 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/101 um tæknilega eftirlitsstaðla fyrir varfærið mat skv. 14. mgr. 105. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 213/2021 frá 9. júlí 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26 frá 30. mars 2023, bls. 333-335.
 13. Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/249 frá 17. febrúar 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2197 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameigin-

- legu EES-nefndarinnar nr. 214/2021 frá 9. júlí 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26 frá 30. mars 2023, bls. 336-342.
14. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2058 frá 28. febrúar 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um seljanleikatímabil fyrir óhefðbundnu eiginlíkansaðferðina, eins og um getur í 7. mgr. 325. gr. bd, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2023 frá 3. febrúar 2023 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 75 frá 19. október 2023, bls. 24.
 15. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2059 frá 14. júní 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar kröfur um afturvirkar prófanir og úthlutun á hagnaði og tapi skv. 325. gr. bf og 325. gr. bg reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2023 frá 3. febrúar 2023 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 75 frá 19. október 2023, bls. 24.
 16. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2060 frá 14. júní 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreind eru viðmið til að meta möguleikann á gerð líkana fyrir áhættuþætti samkvæmt eiginlíkansaðferðinni (IMA) og tilgreina tíðni þess mats skv. 3. mgr. 325. gr. be þeirrar reglugerðar, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2023 frá 3. febrúar 2023 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 75 frá 19. október 2023, bls. 24.
 17. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2257 frá 11. ágúst 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru útreikningsaðferðir fyrir vergar fjárhæðir skyndilegra vanefnda fyrir áhættuskuldbindingar gagnvart skulda- og hlutabréfagerningum og fyrir áhættuskuldbindingar gagnvart vanskilaáhættu sem stafar af tilteknum afleiðugerningum og tilgreina grundvallarfjárhæðir gerninga annarra en gerninga sem um getur í 4. mgr. 325. gr. w í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2023 frá 17. mars 2023 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 77 frá 26. október 2023, bls. 45.
 18. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2328 frá 16. ágúst 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindir eru framandi undirliggjandi gerningar og gerningar með eftirstæða áhættuþætti að því er varðar útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn fyrir eftirstæða áhættuþætti, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2023 frá 17. mars 2023 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 77 frá 26. október 2023, bls. 47.
 19. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1577 frá 20. apríl 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu fyrir stöður utan veltubókar sem háðar eru gjaldmiðlaáhættu eða hrávöruáhættu og meðhöndlun á þessum stöðum að því er varðar lögbundnar kröfur um afturvirkar prófanir og kröfuna um úthlutun á hagnaði og tapi samkvæmt óhefðbundinni eiginlíkansaðferð, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 283/2023 frá 27. október 2023.
 20. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1578 frá 20. apríl 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina kröfurnar fyrir innri aðferðarfræði eða ytri aðföng sem notuð eru í eigin líkani fyrir vanskilaáhættu við mat á líkum á vanefndum og tapi að gefnum vanefndum, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 283/2023 frá 27. október 2023.

21. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1622 frá 17. maí 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um nýja markaði og þróuð hagkerfi, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 322/2023 frá 8. desember 2023.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/728, 2018/1580, 2022/2058, 2022/2059, 2022/2060, 2022/2257, 2022/2328, 2023/1577, 2023/1578 og 2022/1622 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union):

1. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32018R0728>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 123, þann 18. maí 2018, bls. 1-3;
2. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32018R1580>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 263, þann 22. október 2018, bls. 53-56;
3. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32022R2058>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 276, þann 26. október 2022, bls. 40-46;
4. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32022R2059>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 276, þann 26. október 2022, bls. 47-59;
5. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32022R2060>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 276, þann 26. október 2022, bls. 60-68;
6. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32022R2257>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 299, þann 18. nóvember 2022, bls. 1-4;
7. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32022R2328>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 308, þann 29. nóvember 2022, bls. 1-4;
8. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32023R1577>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 193, þann 1. ágúst 2023, bls. 1-6;
9. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32023R1578>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 193, þann 1. ágúst 2023, bls. 7-13;
10. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32022R1622>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 244, þann 21. september 2022, bls. 3-4.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. tölul., 1. mgr. og 23., 53., 55.-58., 60.-66. og 69. tölul. 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, taka gildi þegar í stað. Með gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 751/2023 um markaðsáhættu fjármálafyrirtækja.

Seðlabanka Íslands, 21. desember 2023.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Kristín Logadóttir
framkvæmdastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 9. janúar 2024